



Stuttmyndagerð 6. Bekkur 2024-2025

Í þessu námskeiði munum við læra hvernig sögur eru sagðar í formi kvikmynda og stuttmynda. Nemendur munu læra að koma auga á þá þætti sem gera góða sögu góða. Nemendur læra að sjá hvað þarf til þess að koma sögunni til skila í formi handrits og síðan í formi stuttmyndar. Nemendur munu fá kennslu í tjáningu fyrir framan myndavél og öðlast þekkingu í þeim atriðum sem leikari þarf að vita til þess að leika í kvikmyndum.

Kennsluaðferðir

Vinnunni er skipt niður í fimm kafla:

Hugmyndavinna

Skrif á senulista

Leiklist og tjáning

Upptaka/leikstjórn

Klipping

Fyrstu tímarnir fara í það að vinna með hugmyndirnar og að færa hugmyndirnar yfir á blað. Nemendum er skipt í hópa til að vinna að sinni hugmynd. Þegar hugmyndin er orðin skýr að þá vinnum við að því að skrifa handrit eða senulista. Þegar senulistinn er klár að þá byrja upptökur á stuttmyndinni. Þegar allar senur hafa verið myndaðar að þá er myndin klippt saman sem endar svo á frumsýningu myndarinnar. Þetta ferli er mis langt eftir stærð hugmyndarinnar.

Námsefni og gögn

Við notum blöð og blýant til þess að skrifa niður hugmyndirnar okkar og handritið. Svo notum við spjaldtölvur til þess að taka upp myndirnar og klippa. Unnið er í hópum.

Námsmat

Hver og einn nemandi verður að skila inn ákveðnu vinnuframlagi þá annaðhvort í formi skrifa eða leiklistar og verður frammistaða nemandans metin í lok námskeiðs. Námskeiðið endar á því að við horfum á stuttmyndirnar. Farið verður yfir það hvað hefði mátt fara betur og hvað heppnaðist vel. Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg, hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennari Hlynur Þorsteinsson